

Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2011 Aspose Pty Ltd.



**57. fundur Stjórnar Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses
haldinn í fjarfundi, 8. desember 2020
og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Valdís Guðbrandsdóttir formaður, Heiða Hilmarsdóttir varaformaður og Börkur Þór Ottósson aðalmaður.

Embættismenn

Katrín Sigurjónsdóttir embættismaður.

Fundargerð ritaði: Katrín Sigurjónsdóttir, Framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. 202003045 - Fjárhagsáætlun 2020 og 2021

Farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun Leiguíbúðanna fyrir árið 2021.

Farið yfir fjárhagsáætlun hússjóðs fyrir árið 2021.

Stjórnin samþykkir með 3 atkvæðum fjárhagsáætlun Leiguíbúðanna fyrir árið 2021.

Stjórn samþykkir með 3 atkvæðum fjárhagsáætlun Hússjóðs Leiguíbúðanna fyrir árið 2021.

Stjórnin samþykkir að fela framkvæmdastjóra að skoða hvaða möguleikar eru í boði varðandi niðurgreiðslu útistandandi skuldar við Dalvíkurbyggð.

2. 201910102 - Lokastigur - staða mála

Farið yfir þau mál sem hafa komið upp hjá leigjendum frá því í haust.

Búið er að kvarta nokkrum sinnum í haust vegna stíflaðra klósetta í nyrðra húsinu.

Rætt um fyrirkomulag verkbeiðna.

Handbók hússins kom frá verktaka um miðjan september. Skv. upplýsingum frá Berki vinnur verktakinn betur í bókinni í vetur og nánari útfærsla því væntanleg síðar.

Kvartað hefur verið yfir því að heita vatnið nái hægt upp varma í syðstu íbúðunum.

Stjórnin felur formanni að ræða við leigjendur í Lokastíg varðandi klósettmál, hitastig á vatni o.fl. mál sem upp hafa komið í haust.

Stjórnin samþykkir að verkbeiðnir vegna hvers konar viðhalds eða snjómoksturs fari frá leigjendum til forstöðumanns skammtí mavistunar og þaðan til formanns stjórnar með stjórn og framkvæmdastjóra í Cc.

Stjórnin áréttar að Dalvíkurbyggð sér um snjómokstur utan lóðar, þ.e. á götu, bílastæðum og gangstétt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:03
